



Árnesi 02.10.2013

Tilv. 0379 /KAT

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Rvk
Kristjana Benediktsdóttir

Á fundi sveitarstjórnar þann 01 október s.l. var eftirfarandi bókað :

Umsögn um tillögu til þingsályktunar. Mál nr. 44. Hlutdeild í veiðigjaldi, tekjur af orkuauðlindum.

Gunnar Örn Marteinson lagði fram eftirfarandi bókun :

Full ástæða er til að taka undir efni frumvarpsins enda er það eðlileg krafa að hluti þess arðs sem til verður í þeim greinum sem frumvarpið fjallar um verði eftir á þeim svæðum þar sem þau verða til. Í Skeiða-og Gnúpverjahreppi er framleidd mikil orka sem öll er flutt á brott af svæðinu eftir fjórum áberandi háspennulínunum, fasteignagjöld af stöðvarhúsum er langtærsti hluti þeirra tekna sem þessi raforkuframleiðsla skilur eftir í sveitarfélaginu, það er einungis lítið brot af þeim arði sem verður til við nýtingu orkunnar annarsstaðar, meðal annars á höfuðborgarsvæðinu þar sem byggð stendur mun fastari fótum en í þessu sveitarfélagi. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir ofangreinda tillögu og bókun Gunnars.

Það tilkynnist hér með
Með kveðju
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sveitarstjóri Skeiða-
og Gnúpverjahrepps

Kristófer A Tómasson sveitarstjóri